

41. aðalfundur Landssambands smábátæigenda
Tillögur frá sjávarútvegsnefnd til aðalfundar

Efnisyfirlit

<i>Strandveiðar</i>	2
<i>Grásleppa</i>	3

Strandveiðar

- Þar til handfæraveiðar verða gefnar frjálssar skal efla og styrkja strandveiðikerfið á eftirfarandi hátt:
 - a. landið verði eitt veiðisvæði
 - b. veiðitímabilið verði frá 1. apríl til 30. September
 - c. hverjum báti verði tryggðir 48 veiðidagar með dagsafla upp á 774 kg
 - d. heimild Fiskistofu um stöðvun strandveiða verði numin úr gildi
 - e. tekin verði upp heimild til pörunar á umframafla, þannig að hægt verði að jafna það sem er umfram í einum róðri í næsta róðri. Heimild þessi nái til 50 kg. af óslægðum þorski
 - f. ufsi og karfi verði frjálssar sem meðafli við strandveiðar.
- LS skorar á stjórnvöld að tryggja 48 daga til strandveiða á þessu fiskveiðiári. Vonbrigði manna voru mikil þar sem loforð voru um að strandveiðar væru tryggðar á síðasta fiskveiðiári en þeim lauk 16. júlí, mikil vonbrigði sem má ekki endurtaka sig. Staðið verði við fyrirheit í stjórnarsáttmálanum.
- LS leggur til að eigendur strandveiðibáta megi ráða 1 afleysingamann á strandveiðibát í allt 10 daga, en þó ekki fleiri daga en eigandi rær sjálfur.
- LS mótmælir harðlega ítrekaðri stöðvun strandveiða í júlí. Skorar félagið á stjórnvöld að tryggja að þessar veiðar verði leyfðar í 12 daga á mánuði í fjóra mánuði þ.e. maí, júní, júlí og ágúst. Með því verði öryggi veiðanna aukið sem og jafnræði milli útgerða og veiðisvæða umhverfis landið. Þá verði þessar veiðar fyrirsjáanlegar fyrir sjómenn, fiskkaupendur og aðra sem hafa af þeim atvinnu.
- LS skorar á stjórnvöld að gera strandveiðar óháðar aflamarkskerfinu og koma þannig að nokkru til móts við álit mannréttindanefndar SP frá árinu 2007.
- LS leggur til að strandveiðar verði heimilar í 48 daga og miðist við almanaksárið. Aflaheimildir til þess verði tryggðar.
- LS leggur áherslu á að koma þurfi í veg fyrir að sami útgerðaraðili/eigandi geti verið með fleiri en einn bát í einu á strandveiðum.
- LS kallar eftir breyttum ákvæðum um umframafla í framkomnu frumvarpi ráðherra um strandveiðar.

Greinargerð: Í framkomnu frumvarpi eru ákvæði um að ef bátur fari þrisvar sinnum meira en 5% eða 38,7 kg fram yfir leyfilegt heildarmagn dagsafla þá komi til veiðileyfissviptingar í 3 vikur. Þykir mönnum heldur djúpt í árina tekið og að eðlilegast væri að umframafli bæri sérstakt gjald sem gerði hann óarðbæran.

- LS leggur til að reglur um strandveiðar taki sérstakt tillit til þess þegar bátur þarf aðstoð
- LS leggur til að sömu reglur gildi um undirmál á strandveiðum og í króka- og aflamarki
- LS krefst þess stjórnvöld felli niður sérstakt gjald (svokallaðan bryggjuskatt) við virkjun veiðileyfa við strandveiða.
- LS styður hugmyndir Sigurjóns Þórðarsonar um græna ívilnun
- LS leggur til að ívilnun til báta sem alfarið eru knúnir rafmagni verði 250kg á dag og að bátum verði tryggð sú ívilnun í a.m.k. 5 ár frá nýskráningu

Grásleppa

- LS mótmælir harðlega kvótasetningu á grásleppu.
- LS leggur til að kvótasetning grásleppu verði afnumin. Fyrri fyrirkomulag veiða, á grundvelli fyrri leyfa, verði tekið upp að nýju og leyfilegir dagar verði að lágmarki 45. Dagar þar sem veiðarfæri báts eru tekin upp vegna brælu verði frádregnir.
- Verði grásleppa áfram í kvóta krefst LS þess að veiðiheimildum grásleppukvóta verði aðeins úthlutað á smábáta og veiðiheimildir bundnar við þá. Jafnframt verði heimilt að færa varanlegan og innan ársins grásleppukvóta milli aflamarks- og krókaafلامarksbáta.
- Verði grásleppa áfram í kvóta leggur LS til að lög séu endurskoðuð þar sem tekið verði tillit til réttinda þeirra sem stunduðu veiðar á tímabilinu 2014 – 2024, auk þess að veiðiheimildir verði takmarkaðar við smábáta.